

Fundargerð

13. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum.
1. júní 2022 klukkan 11:00 í fundarsal á Bragðavöllum í Hamarsfirði

Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Ásta Einarsdóttir (ÁE), Ásta Þorleifsdóttir (ÁÞ), Elfa Hlín Pétursdóttir (EHP), Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG), Eydís Ásbjörnsdóttir (EÁ), Gauti Jóhannesson (GJ), Jón Björn Hákonarson (JBH).

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ), Hrafnkell Á. Proppé (HÁP), Hrafnhildur Magnúsdóttir (HM) og Guðrún Jensdóttir (GJd), sem ritaði fundargerð.

MJ setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá fundar:

1. Tillögur Skipulagsstofnunar um viðbrögð við ábendingum eftir samráð á vinnslutillögu. HÁP fór yfir tillögur Skipulagsstofnunar um viðbrögð við ábendingum eftir kynningu á vinnslustigi.

Svæðisráð er sammála um að Skipulagsstofnun vinni inn þau atriði sem kynnt voru á fundi. Þau atriði lúta að uppfærslu á greinargerð og á upprætti, m.a. um almenn atriði sem varða breytingu á skipulagsskilmálum einstakra reita og uppfærslu á þeim upplýsingum sem birtast á upprætti. Eins voru svæðisbundin atriði tekin fyrir sem varða nýtingarflokka eða sértæk ákvæði reita, en til umfjöllunar komu Reyðarfjörður og Seyðisfjörður.

Guðjón Jónsson frá VSÓ fór yfir vinnu við gerð áhættumats siglinga í Seyðisfirði sem Vegagerðin vinnur að. Yfirsýn á stöðunni er langt komin og búist er við að þessari vinnu ljúki fljótlega.

Umræður um einstaka atriði og úrvinnslu þeirra. Ekki var einhugur um ákvörðun um staðbundna nýtingu í Seyðisfirði meðal svæðisráðs. Ákveðið var samt að halda þeirri tillögu sem kynnt var á vinnslustigi til að fá fram viðbrögð. Lagt var til viðbætur í greinargerð þar sem vísað verði í að áhættumat siglinga liggi ekki fyrir. Einhugur var um viðbætur í lýsingu einstakra reita sem lúta að þessu atriði.

2. Umhverfisskýrsla VSÓ.

Stefán Gunnar Thors frá VSÓ fór yfir breytingar sem orðið hafa á umhverfisskýrslu frá 11. fundi svæðisráðs.

Svæðisráð kom sínum athugasemdum varðandi breytingar á orðalagi og viðbótum til skila.


3. Tillaga að strandsvæðisskipulagi Austfjarða.

EAÁ fór yfir breytingar sem gerðar hafa verið á greinargerð frá 11. fundi svæðisráðs.

Svæðisráð kom sínum athugasemdum varðandi breytingar á orðalagi og viðbótum til skila.

4. Tillaga að strandsvæðisskipulagi til auglýsingar samkvæmt 12. gr. laga um skipulag haf og strandsvæða nr. 88/2018.

Svæðisráð samþykkir að auglýsa tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða 2022 ásamt umhverfisskýrslu með umræddum breytingum. Setja þarf skipulagið upp í vefsjá sem verður aðgengileg á kynningartíma.



Bókun fulltrúa matvælaráðuneytisins:

Fulltrúi matvælaráðuneytisins tekur ekki efnislega afstöðu til tillögunnar fyrir Seyðisfjörð en samþykkir auglýsingu hennar. Mikilvægt sé að fá fram athugasemdir og umsagnir hagsmunaaðila og almennings við tillöguna. Þannig megi taka upplýsta ákvörðun um framtíðarnýtingu svæðisins að kynningartíma liðnum.

Bókun fulltrúa innviðaráðuneytisins:

Fulltrúi innviðaráðuneytisins gerir fyrirvara um staðbundna nýtingu á svæði SN1 uns formleg niðurstaða áhættumats siglinga liggur fyrir.

HÁP lagði fram kynningaráætlun sem miðar að því að tillagan verði auglýst 15. júní og að kynningartími standi til 15. september. Kynningarfundir verði í vikunni 27. – 30. júní, á Seyðisfirði og Fáskrúðsfirði. Auk þess yrði í Reykjavík og í streymi kynningarfundur 15. – 19. ágúst. Kynningarefni verði einnig aðgengilegt á vef og samfélagsmiðlum.

Svæðisráð samþykkti tillögu að kynningartíma og kynningaráætlun.

Gjá sýndi svæðisráði vefsjána og hvernig hún gæti virkað fyrir notendum hennar.

5. Önnur mál.

Magnús Jónasson
Ath. Þor.
Gunn. Þóra
Sýðil Ísþjórnard.
Ólafur Péturss
Ela Sigríður Gestsdóttir
Jónas Ólafsson
Ólafur Þóras